

Kæru nemendur,

Nemandi á 2. ári í sjónlistadeild greindist með Covid 19 í gær. Viðkomandi hafði þá þegar verið í nokkurra daga sóttkví og ekki eru taldar líkur á að frekara smit hafi borist innan skólans. Smitið hefur því engin áhrif á skólastarfið .

Þar sem ekki er ólíklegt að við lendum aftur í þessum aðstæðum er rétt að rifja nokkur mikilvæg atriði upp.

Kris og Vésvava sem þrifa skólann eru algjörlega frábær. Þau mega hinsvegar ekki hreyfa við verkefnum ykkar og öðru dóti sem liggur á borðum eða gólfi. Til þess að skólinn geti tryggt sem öruggast umhverfi þurfum við ykkar hjálp.

- Gangið daglega frá öllum ykkar verkefnum í ykkar hirslu.
- Gangið frá sorpi á sinn stað og takið umbúðir utan af mat og drykk með ykkur úr húsi.
- Skiljið ekkert eftir sem kemur í veg fyrir að hægt sé að þrifa skólann.
- Og auðvitað höldum við okkur eingöngu innan okkar sóttvarnasvæðis.
- Gætum að fjarlægðinni okkar á milli.
- Notum grímur og pössum upp á persónulegt hreinlæti.

Þetta getum við gert og þetta skulum við gera öll sem einn maður!

Bestu kveðjur,

Áslaug Thorlacius
skólameistari